




# **Ungmennasamband Kjalarnebingar**

## **SKÝRSLA OG REIKNINGAR**



**61. ÁRSPÍNG**

**Félagsheimili Kópavogs 10. febrúar 1985**

Á R S S K Ý R S L A U M S K 1984 - 1985:

---

Efnisyfirlit:

	bls.
Ávarp formanns .....	2
Skýrsla stjórnar .....	3
Skýrslu sérða .....	29
handknattleikur.	
frjálsar íþróttir.	
badminton.	
blak	
knattspyrna.	
siglingar.	
karate.	
Nokkur loka orð .....	36
Lög UMSK .....	37
Reikningar .....	39

---

---

Forsíðumyndin er af UMSK-fólki í hópgöngunni við setningu á Landsmóti UMFÍ í Keflavík og Njarðvík í júlí í sumar.

---

---

ÁVARP FORMANNS UMSK.

Í lok annasams starfsárs lítur dagsins ljós myndarleg ársskýrsla. Í henni er gerð grein fyrir öllu því helsta sem UMSK hefur færst í hendur á liðnu ári.

Þegar litið er um öxl og árið skoðað í samhengi, er áberandi hin mikla starfsemi sem verið hefur á árinu. Má þar nefna að íþróttamót á vegum og með þátttöku UMSK hafa aldrei verið fleiri, þáttökuna á Landsmóti UMFÍ, en þar mætti UMSK með flesta þátttakendur.

Þá var útihátiðin "Gaukurinn 1984" og innréttингаframkvæmdir, mikil stórmál og erfið fyrir þá sök að samstarfsaðilum og félögum okkar innan ungmannafélagshreyfingarinnar er ekki treystandi fyrir heiðarlegu samstarfi þegar peningar eru annars vegar. Ungmannafélags-hreyfingin verður að vera alveg laus við óheiðarleik og yfirlangs-semi ef hún vill lifa og vera það afl sem hún hefur verið í gegnum tíðina.

Ég hef nú setið fjögur kjörtímabil sem formaður UMSK. Þessi tími hefur liðið hratt og margt hefur breyst og skeð á þessum stutta tíma.

Þetta tímabil hefur verið mikill "skóli" og hef ég kynnst hinum mannlegu samskiptum og hinu félagslega starfi nokkuð vel og er það víst að slíka reynslu er erfitt að öðlast í skóla.

Ég hef nú ákveðið að gefa ekki kost á mér til formennsku næsta kjörtímabil og tel að tími sé kominn til að nýir menn með nýjar hug-myndir taki við.

Í lokin vil ég þakka samstarfs mönnum mínum í stjórninni, framkvæmdastjórum sambandsins þeim Einari Sv. Árnasyni og Baldri Daniels-syni, formönnum og fulltrúum aðildarfélaganna, samstarfsmönnum hjá öðrum félagasamtökum og öllum þátttakendum í starfinu, samstarfið og dugnaðinn fyrr og nú og óska öllum þessum aðilum farsældar í starfi um ókomin ár.

Kristján Sveinbjörnsson.

Skýrsla stjórnar UMSK 1984 - 1985.

Skýrslan skiptist í eftirfarandi kafla:

60. ársþing UMSK.	<u>Sérráð.</u>
Starfsmannamál.	Handknattleikur.
Stjórn og framkvæmdastjórn.	Frjálsar íþróttir.
Skrifstofa UMSK.	Badminton.
Fréttabréf.	Blak.
Skákþing UMSK.	Knattspyrna.
Skólahlaup UMSK.	Siglingar.
Norræna ungmennavikan í Svíþjóð.	Karate.
Þrastaskógar.	Nokkur loka orð.
Ný félög.	
Aðildarfélög UMSK.	
Félagsmálafræðslan.	
Kennsluskýrslunar.	
Landsmótíð 1984.	
Gaukurinn 1984.	
Heimsókn til DDGU.	
Húsnæðismál UMSK.	
Fundir og þing.	
Íþróttamót.	
Getraunir.	
þátttaka í Olympiuleikum.	
Framlög sveitarfélaga.	

Skýrslan er unnin daganna 25. janúar til 7. febrúar. Höfundar efnis eru: Kristján Sveinbjörnsson, Páll Aðalsteinsson, Einar Sv. Árnason, Albert H.N. Valdimarsson og Baldur Danielsson.

Ber skýrslan þess sjálfsagt merki hvað málfar og stil snertir að höfnudar eru jafnmargir og raun ber vitni.

Skýrslan er vélrituð á skrifstofu UMFÍ af Ástu Katrínú Helgadóttur og ljósrituð á skrifstofu ÍSÍ. Eru þessum aðilum færðar þakkir fyrir veitta aðstöð.

ÅRSPING UMSK.

Ársþing UMSK var haldið 12. febrúar 1984 í félagsheimili Kópavogs. Mæting var nokkuð góð og fór þingið vel fram. Ánægjulegt var að sjá hve sum aðildarfélög mættu vel mönnuð til þings, en að sama skapi leitt til þess að vita að önnur sinni ekki þeirri félagshelgu skyldu að mæta. Vonandi verður breyting á því á næsta ársþingi.

Á þinginu var m.a. fjallað um fjármál sambandsins, íþróttamót liðins árs, ásamt félagsmálum, fræðslustarfsemi, útbreiðslu og skipulagsmál, og starfsemi skrifstofu þess.

Þingið lýsti yfir ánægju með störf sambandsins á liðnu ári, sem var eitt annasamasta starfsár í sögu þess. Auk íþróttamótanna bar hæst sumarhátíð sú er UMSK og HSK höfðu samvinnu um. Fór sumarhátíðin fram um síðustu verslunarmannahelgi og bar nafnið „ Gaukurinn ”.

Af framtíðarverkefnum bar fyrirhugað landsmót UMFÍ hæst. Voru menn ákveðnir í að gera þátttöku UMSK sem glæsilegasta.


Margar tillögur og ályktanir voru samþykktar á þinginu og voru þær helstu sem hér segir:

Ályktun um stór átak í skógræktarmálum á sambandssvæðinu, þar sem stefnt er að því að plantað verði a.m.k. jafn mörgum trjám og ungmannafélagar eru margir.

Lýst var yfir ánægju með bók UMFÍ „ Ræktun lýðs og lands ”, bókin kom út í lok síðasta árs. Ár æskunnar kom til umfjöllunar þingsins og samþykkt ályktun þess efnis að aðildarfélög sambandsins vinni að og vekji athygli á markmiði Alþjóðaárs æskunnar 1985 eins og frekast er unnt. Félagsmálafræðsla á sambandssvæðinu töldu þingfulltrúar að þyrfti að efla og gera eftirsóknarverðari. Ályktun var samþykkt um samvinnu íþróttafélaga og sveitafélaga um notkun á skólahúsnaði og tækjum þess. Stefna ætti að minniknattspyrnumóti kvenna á næsta ári, efling sundíþróttarinnar, t.d. með skólamóti í sundi, úrbætur í húsnæðismálum UMSK og að stefna að áframhaldandi samvinnu við HSK um „ Gaukinn ” á komandi sumri.

Þingið fór í alla staði vel fram en það var í umsjón íþróttafélagsins Gerplu sem sá einnig um góðgerðir með kaffinu.

Í hádeginu sátu þinggestir matarboð í boði bæjarstjórnar Kópavogs. Kristján Guðmundsson bæjarstjóri afhenti Kristjáni Sveinbjörnsyni formanni UMSK „ Sögu Kópavogs ” frá 1933 - 1955. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir félags og íþróttastörf. Albert HN Valdimarsson fékk félagsmálaskjöld UMSK að þessu sinni. Albert er kunnur



Félagsmálamaður UMSK 1983 Albert H. N. Valdimarsson HK.



Afreksmaður UMSK 1983 Kristín Gísladóttir Gerplu.



Frá héraðspíngi UMSK 1983.



Axel Jónsson fyrrverandi formaður UMSK í ræðustól á síðasta þingi.

fyrir störf sín hjá blakdeild HK, sem eru feikilega umfangsmikil bæði í tengslum við þjálfun og stjórn deildarinnar.

Kristín Gísladóttir var valin afreksmaður UMSK 1984, en eins og kunnugt er, að þá er Kristín ein allra besta fimleikakona á landinu.

Pálmi Gíslason formaður UMFÍ heiðraði tvo stjórnarmenn UMSK, þá Kristján Sveinbjörnsson form. og Pál Aðalsteinsson sem í mörg ár hefur starfað í stjórn UMSK sem form. og meðstjórnandi. Kristján fékk starfsmerki UMFÍ og Páll fékk gullmerki UMFÍ.

Margir góðir gestur heiðruðu þingið með nærveru sinni. Pálmi Gíslason form. UMFÍ og Sigurður Geirdal framkv.stj. UMFÍ, Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ og Hermann Guðmundsson framkv.stj. ÍSÍ, Reynir G. Karlsson íþróttafulltrúi ríkisins, Niels Árni Lund Æskulýðsfulltrúi ríkisins og síðast en ekki síst Axel Jónsson fyrrv. form. UMSK og afreksmaður í íþróttum frá fyrri árum.

Ný stjórn var kosin og voru eftirfarandi félagar kjörnir: Kristján Sveinbjörnsson var endurkjörinn formaður, en aðrir með honum í stjórn eru: Sveinn Jóhannsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Vilhjálmur Einarsson, Katrín Gunnarsdóttir.  
Í varastjórn voru kjörnir: Páll Aðalsteinsson, Eiríkur Davíðsson, Kristinn Gylfi Jónsson.

#### STARFSMANNAMÁL.

UMSK hefur nú haft starfsmann (framkvæmdastjóra) samfellt frá sumrinu 1981.

Það var þó fyrst haustið '83 sem ráðinn var heils árs maður, Einar Sveinn Árnason, en áður höfðu unnið hjá sambandinu í stuttan tíma í einu þeir: Helgi Gunnarsson, Gunnar Baldvinsson og Kristján Sveinbjörnsson. Einar Sveinn var ráðinn framkvæmdastjóri sambandsins í 1 ár eða til 1. okt s.l. Þá tók Baldur Daníelsson við og var hann einnig ráðinn til 1 árs.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu var mikil starfsemi hjá sambandinu í sumar og bar þar hæst Landsmótið og „Gaukurinn“. Til aðstoðar á skrifstofunni var því ráðinn Pröstur Óskarsson og var hann hjá sambandinu 1 1/2 mánuð. Þá hafa þeir Einar Gunnarsson, Snæbjörn Pálsson, Sveinn Jóhannsson, Páll Aðalsteinsson, Katrín Gunnarsdóttir og Kristján Sveinbjörnsson gripið inn í þegar á hefur þurft að halda.

Það má fullyrða það að ef UMSK getur ekki haft starfsmann í fullu starfi allt árið, þá er grundvöllur sambandsins brostinn.

UMSK þakkar öllum þeim sem starfað hafa á skrifstofu sambandsins og ekki síst Einari Sveini sem létt af störfum í haust og óskar

STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN.

Á 60. ársþingi sambandsins urðu þrjár breytingar á stjórn sambandsins. Þau Ólafur Magnússon, Gunnar Guðmundsson og Louise Anna Schilt gengu úr stjórninni.

Stjórn og varastjórn UMSK 1984 - 1985 var skipuð sem hér segir:

Formaður	Kristján Sveinbjörnsson	Umf. Bessastaðahr.
V.form.	Katrín Gunnarsdóttir	Umf. Stjörnunni.
Ritari	Sveinn Jóhannsson	Umf. Breiðablik.
Gjaldkeri	Jóhannes Sveinbjörnsson	Umf. Stjörnunni.
Meðstjórn.	Vilhjálmur Einarsson	Umf. Breiðablik.
Til vara:	Páll Aðalsteinsson	Umf. Afturelding.
	Kristinn G. Jónsson	Umf. Kjalnesinga.
	Eiríkur Davíðsson	Umf. Dreng.

Stjórnin hélt 21 formlegan fund á starfsárinu og tóku fyrir samkv. fundagerðabók á annað hundrað mál. Meðfylgjandi er skrá yfir fundi stjórnarinnar og mætingalistu.

Framkvæmdastjórn var skipuð í október. Í henni voru: Kristján Sveinbjörnsson, Katrín Gunnarsdóttir og framkvæmdastjóri.

Bókaðir fundir framkvæmdastjórnar voru 7.

Þá hafa verið haldnir nokkrir óformlegir fundir þar bæði hjá stjórn og framkvæmdastjórn varðandi ýmis dægurmál og daglegan rekstur.

S T J Ó R N U M S K 1984 – 1985.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	Fundir alls
Kristján	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	20
Katrín	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	14
Sveinn	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	16
Jóhannes	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	6
Vilhjálmur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	18
Páll		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	17
Kristinn	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	7
Eiríkur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	5

Ath. Forföll eru ekki skýrð.

SKRIFSTOFA UMSK.

Skrifstofa sambandsins hefur verið sem fyrr að Mjölnisholti 14, 3. hæð. Lengst af hefur dvalarstaðurinn verið 6 m<sup>2</sup> herbergi í þeim hluta húsnæðisins er Prentþjónustan hafði á leiðu.

Er Prentþjónustan flutti og UMSK tók á leiðu það húsnæði sem hún hafði haft rýmkaði um starfsemi sambandsins. Nýja skrifstofan er á norðurhlíð hússins og er um 25 m<sup>2</sup>. Þar er því hægt að halda allt að 15 manna fundi auk þess sem vinnuaðstaða er í alla staði mun betri. Hvað varðar fjöldritun/ljósritun standa vonir til þess að UMSK geti fljótlega boðið aðildarfélögum upp á þessa sjálfsögðu þjónustu. Sambandið hefur til skamms tíma sótt mest alla fjölföldunar þjónustu til UMFÍ. Einnig hefur kaffiaðstaða UMFÍ verið nýtt til hins ýtrasta af UMSK fólki. Er hér enn einu sinni komið á framfæri þakklæti til starfsfólks UMFÍ fyrir góða þjónustu og mikla þolinmæði.

Þá eru aðildarfélög UMSK að lokum hvött til þess að nýta sér þá þjónustu sem skrifstofa sambandsins og starfsmaður geta hugsanlega veitt.

FRÉTTABRÉF.

Sjö tölublöð litu dagsins ljós á síðasta ári. Það er segin saga að útgáfan mætti til muna vera örari og markvissari. En þegar mikið er að gera vill hlutur eins og útgáfustarfsemi oft sitja á hakanum.

Fréttabréf getur gengt mikilvægum þætti í starfsemi sambands sem UMSK. Þar er tilvalið tækifæri fyrir aðildarfélög/félaga til þess að koma skoðunum sínum á framfæri svo og fréttum af hinni ýmsu starfsemi. Og þannig gefið örðum aðilum hugmyndir sem til góða gætu komið í félagsstarfinu.

Fréttabréfið hefur komið út í forminu A5 og hefur skartað auglýsingu sem á að standa nokkrun veginn undir kostnaði við útgáfuna. Nú eru enn uppi hugmyndir um breytingar og að aftur verði tekið upp gamla formið þ.e. A4. Er það talið gefa heldur meiri möguleika á auglýsingatekjum.

SKÁKPING UMSK.

Á árinu hófst nýr þáttur í starfsemi sambandsins a.m.k. um árabil. Síðast liðin tvö ár hafa verið uppi hugmyndir um að koma af stað skákmóti innan sambandsins. Það var svo loksins í haust að hugmyndin varð að veruleika. Það var Umf. Kjalnesinga sem tók að sér að standa fyrir fyrsta mótinu og var það haldið dagana 24. og 25. nóvember í Félagsheimilinu Fólkvangi á Kjalarnesi. Teflt var í tveimur flokkum og til þeirra gefnir veglegir farandgripir af hreppsfélögunum á Kjalarnesi og í Kjós, auk þess sem veittir voru verðlaunapeningar fyrir 3 fyrstu sætin í hvorum flokki.



Stjórn UMSK 1984 ásamt fyrv. framkvæmdastjóra Einari Sv. Árnasoni.



Stund milli stríða. (Frá Gauknum '84)



Frá skólahlaupi UMSK 1984. Beðið eftir Floridana og Fryju-rís.

Í eldri flokknum voru 12 þáttakendur en 16 í þeim yngri. Teflt var eftir Monradkerfi, 6 umferðir í yngri flokki en 7 í þeim eldri. Umhugsunartími var 30 mín. á hvern keppenda.

Helstu úrslit urðu sem hér segir:

Eldri flokkur.

1. Haraldur Baldursson Kópavogi 5 1/2 vinninga
2. Ægir Páll Friðbertsson (gestur) 5 "
3. Baldvin Jóhannesson Seltj.nesi 5 "

Yngri flokkur.

1. Bjarni Davíðsson Kópavogi 6 vinninga
2. Geir Gunnar Geirsson Kjalarnesi 5 "
3. Halldór Haraldsson Kjalarnesi 4 "

#### SKÓLAHLAUP UMSK.

Skólahlaupið var nú haldið í þriðja sinn og enn sem fyrr í samvinnu við Mjólkursamsölna og Freyju h/f. Að þessu sinni var halupið á Seltjarnarnesinu í samvinnu við íþróttakennara Mýrarhúsaskóla. Af þeim 16 grunnskólum sem á sambandssvæði UMSK eru sendu 14 þeirra harðsnúið lið. Frá þeim 15, Þinghólsskóla kom 1 keppandi en enginn frá Kópavogsskóla.

Fjöldi þáttakenda sló öll met, en alls komu í mark 301 hlaupari. Viðurkenningar voru veittar með hefðbundnum hætti. Þ.e. allir þáttakendur fengu árituð viðurkenningarskjöl. 3 fyrstu drengir og 3 fyrstu stúlkur í hverjum flokki fengu verðlaunapeninga og loks fékk stigahæsti skólinn í hverjum flokki bikar til varðveislu í 1 ár.

Helstu úrslit urðu sem hér segir:

#### 7-8 ára drengir.

1. Aron Haraldsson Digranesskóla.
2. Valdimar Brynjarsdóttir "
3. Jón G. Ómarsson Hofstaðaskóli

#### 7-8 ára stúlkur.

1. Laufey Ýr Hákonardóttir Hofstaðaskóla
1. Sigrún Magnúsdóttir Hofstaðaskóla
2. Marqrét R. Ólafsdóttir Hjallaskóla
3. Valdís Svanbjörnsdóttir Varmárskóla

7-8 ára.

1. Varmáskóli	650	stig	( 12 luku keppni )
2. Hofstaðaskóli	532	"	( 10 luku keppni )
3. Hjallaskóli	474	"	( 11 luku keppni )
4. Dígraneskóli	424	"	( 11 luku keppni )
5. Kársnesskóli	325	"	( 9 luku keppni )
6. Flataskóli	289	"	( 7 luku keppni og 2 varam.)
7. Mýrarhúsaskóli	262	"	( 7 luku keppni )
8. Snælandsskóli	247	"	( 10 luku keppni )
9. Grunnskóli Kjósahrepps	91	"	( 3 luku keppni )

9-10 ára drengir.

1. Eiríkur S. Önundarson	Snælandsskóla
2. Ísleifur Þórsson	Dígraneskóla
3. Ásbjörn Jónsson	Varmáskóla.

9 - 10 ára stúlkur.

1. Anna Þórssdóttir	Dígraneskóla
2. Kristbjörg Harðardóttir	Dígraneskóla
3. Erla Þ. Pétursdóttir	Flataskóla

1. Dígraneskóli	692	stig	( 11 luku keppni )
2. Varmáskóli	619	"	( 12 luku keppni )
3. Flataskóli	597	"	( 12 luku keppni )
4. Kársnesskóli	514	"	( 10 luku keppni og 1 varam.)
5. Álftanesskóli	437	"	( 12 luku keppni og 2 varam.)
6. Snælandsskóli	415	"	( 10 luku keppni og 1 varam.)
7. Mýrarhúsaskóli	383	"	( 10 luku keppni )
8. Hjallaskóli	307	"	( 9 luku keppni )
9. Klébergsskóli	34	"	( 1 lauk keppni )
10. Grunnskóli Kjósahrepps	7	"	( 2 luku keppni )

11-12 ára drengir.

1. Björnvin Óskarsson	Flataskóla
2. Magnús Ö. Schram	Álftanesskóla
3. Ísleifur Karlsson	Snælandsskóla

11-12 ára stúlkur.

1. Hildur Harðardóttir	Flataskóla
2. Gerður R. Guðlaugsdóttir	Mýrarhúsaskóla
3. Sóley Stangjev	Dígraneskóla

1. Varmáskóli	559	stig	( 12 luku keppni )
2. Snælandsskóli	545	"	( 10 luku keppni )
3. Flataskóli	453	"	( 10 luku keppni )
4. Mýrarhúsaskóli	448	"	( 9 luku keppni )
5. Álftanesskóli	429	"	( 12 luku keppni )
6. Dígraneskóli	312	"	( 9 luku keppni og 3 varam.)
7. Kársnesskóli	243	"	( 7 luku keppni og 2 varam.)
8. Grunnskóli Kjórährepps	71	"	( 5 luku keppni )
9. Klébergsskóli	34	"	( 3 luku keppni )

13-15 ára drengir.

- |                      |                            |
|----------------------|----------------------------|
| 1. Heimir Erlingsson | Garðaskóla                 |
| 2. Einar P. Tamini   | Garðaskóla                 |
| 3. Sigurður Hansen   | Gagnfræðaskóla Mosfellssv. |

13-15 ára stúlkur.

- |                          |                            |
|--------------------------|----------------------------|
| 1. Fríða R. Þórðardóttir | Gagnfræðaskóla Mosfellssv. |
| 2. Theódóra Bragadóttir  | Þingholtskóla              |
| 3. Sara Haraldsdóttir    | Digranesskóla              |

1. Gagnfræðaskóli Mosfellssveitar	265	stig	( 12 luku keppni )
2. Valhúsaskóli	255	"	( 10 luku keppni )
3. Garðaskóli	211	"	( 9 luku keppni )
4. Snælandsskóli	159	"	( 7 luku keppni )
5. Digranesskóli	122	"	( 5 luku keppni )
6. Þingholsskóli	23	"	( 1 lauk keppni )

Í ár fóru þrír af fjórum bikurum upp í Mosfellssveit enda virðist skólinn þar ráða yfir mikilli breydd. Einstaklingsverðlaunin dreyfðust þó mun meira eða á 11 skóla alls. Hlaup þetta er nú þegar orðið árviss viðburður í starfi sambandsins og verður vonandi um ókomin ár.

NORRÆNA UNGMENNAVIKAN Í SVÍPJÓÐ.

Ungmennafélag Íslands er aðili að samtökum norrænna ungmenna- og æskulýðsfélaga, sem kallast Nordisk Samorganisasjon for Ungdomsarbeid. Eitt af verkefnum þessara samtaka er að halda ungmennbúðir og skiptast Norðurlöndin á um að halda þær. Síðastliðið sumar skipulögðu Svíar Ungmennavikuna og var hún haldin í húskynnum bænda- og garðyrkjuskólans í Dölunum í Svíþjóð. Íslendingar sendu að þessu sinni 6 þátttakendur, en auk þess voru þær samankomnir þátttakendur frá: Noregi, Danmörku, Finnlandi, Færejum, Svíþjóð og Suður-Slésvík alls um 60 ungmanni. Þátttakendur af Íslands hálfu voru frá UMSE, UNP og UMSK. Fulltrúar UMSK voru Kristján Sveinbjörnsson og Kristín Sigurleifsdóttir og voru þau jafnframta fararstjórar.

Ungmennavikan þótti takast vel og mun hún verða ógleymanleg þeim er hana sóttu.

I ár munu Finnar sjá um Ungmennavikuna og eru þeim félögum sem áhuga hafa á að senda fulltrúa bent á að hafa samband við skrifstofu UMSK.

PRASTASKÓGUR.

Starfið í Þrastaskógi var með minna móti í sumar, þar sem veðr-áttan var ekki góð og íþróttavöllurinn oft mjög blautur og ekki hægt að æfa né spila á honum.

Sumarhúsið var ekki mikið notað, þó kom Gerplan með íþróttaskólann á hverjum föstudegi þann mánuð sem hann var starfræktur. Breiðablik og Stjarnan voru nokkrar helgar í sumarhúsinu þegar vel viðraði. Unnið var við gerð tjaldstæðis við sumarhúsið. Í sumar þarf að mála húsið að utan og koma vatni og rafmagni í sumarhúsið. Í vor verður gert átak í skógrækt í Þrastaskógi á vegum UMFÍ. UMSK verður úthlutað 3.000 plöntum sem verða að gróðursetjast fyrstu dagana í júní, er vænst þáttöku sem flestra UMSK félaga.

NÝ FÉLÖG.

Í maí s.l. var stofnað nýtt íþróttafélag innan UMSK að Tjaldsnesi í Mosfellssveit er það 18 félagið innan sambandsins.

Á stofnfundinum mættu piltar af vistheimilinu, starfsfólk þess, formaður íþróttasambands fatlaðra Ólafur Jensson, framkvæmdastjóri þeirra Markús Einarsson og Páll Aðalsteinsson frá UMSK.

Samþykkt voru lög fyrir félagið og því gefið nafnið Íþróttafélagið Tjaldur. Stjórn var kosin og hana skipa:

Jónína Guðjónsdóttir	formaður.
Sigríður Bjarnadóttir	meðstjórnandi.
Grímhildur Hlöðversdóttir	" "
Magnús Ingvarsson	" "
Kári Halldórsson	" "

Siglingafélagið Sigurfari, félag áhugamanna og bátaeigenda á Seltjarnarnesi sótti um aðild að UMSK 16. mars '84 og voru samþykktir 17. sama mánaðar sem aðilar að UMSK.

Formaður Sigurfara er Hjörtur Hjartarson og með honum í stjórn eru: Jón Nielsson, Ómar Hannesson, Einar Sigurbergsson, Pétur Björnsson, Guðmundur Helgason og Sigurjón Jónsson. Stjórn UMSK býður félögini velkomin til starfa innan sambandsins og óskar heim góðs gengið í framtíðinni.

ADILDARFÉLÖG UMSK.

Aðildarfélög UMSK eru 18 talsins, innan aðildarfélaganna starfa 18 deildir. Af þessum 18 aðildarfélögum eru 7 þeirra með deildarskiptingu. Á þessu ári fjöldaði aðildarfélögnum úr 16 í 18, þegar aðild Íþróttafélaganna Sigurfara og Tjalds var samþykkt. Hér fer á eftir stutt samantekt helstu atriða sem félögin varðar:

1. Umf. Drengur, Kjósahrepp.

Stofnað 1915.

Formaður: Guðmundur Davíðsson.

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur 14 - karlar 72 - alls 86

16 ára og yngri - konur 6 - karlar 5 - alls 11

Samtals: konur 20 - karlar 72 alls 97

2 Umf. Kjalnesinga, Kjalarneshrepp (UMFK).

Stofnað: 1938

Formaður: Kristinn Gylfi Jónsson.

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur 15 - karlar 24 - alls 39

16 ára og yngri - konur 15 - karlar 30 - alls 45

Samtals: konur 30 - karlar 54 - alls 84

3. Umf. Afturelding, Mosfellssveit (UMFA).

Stofnað: 1909

Formaður: Hlynur Árnason

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri - konur 25 - karlar 94 - alls 119

16 ára og yngri - konur 122 - karlar 208 - alls 330

Samtals: konur 173 - karlar 333 - alls 449

Félagið starfar í fimm deildum og eru þær eftirfarandi:

Knattspyrnudeild

- formaður: Þorgrímur Októsson

Frjálsíþróttadeild

- formaður: Rúnar Lárusson

Handknattleikur

- formaður: Gunnar Kvaran

Sunddeild

- formaður: Alfa R. Jóhannsdóttir

Badmintondeild

- formaður: Kjartan Nielson

4. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellssveit.

Stofnað: 1981.

Formaður: Örn Höskuldsson.

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri konur	15	-	karlar	40	-	alls	55	
<u>16 ára og yngri konur</u>	<u>8</u>	<u>-</u>	<u>karlar</u>	<u>3</u>	<u>-</u>	<u>alls</u>	<u>11</u>	
Samtals:	konur	23	-	karlar	43	-	alls	66

5. Íþróttafélagið Gáski, Skálatúnshemilinu, Mosfellssveit.

Stofnað: 1982

Formaður: Steinunn Ó. Guðmundsdóttir

Fjöldi félaga: Vistmenn o.fl. Skálatúnshemilinu: 96.

6. Íþróttafélagið Grótta, Seltjarnarnesi.

Stofnað: 1967

Formaður: Gunnar Lúðvíksson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri: konur	2	-	karlar	82	-	alls	84	
<u>16 ára og yngri: konur</u>	<u>30</u>	<u>-</u>	<u>karlar</u>	<u>138</u>	<u>-</u>	<u>alls</u>	<u>168</u>	
Samtals:	konur	32	-	karlar	220	-	alls	252

Félagið starfar í tveimur deildum og eru þær eftirfarandi:

Handknattleiksdeild - formaður: Marinó Njálsson

Knattsprynudeild - formaður: Jón Tynes.

7. Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi.

Stofnað: 1971

Formaður: Sigurður Magnússon

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri: konur	136	-	karlar	168	-	alls	304	
<u>16 ára og yngri: konur</u>	<u>431</u>	<u>-</u>	<u>karlar</u>	<u>167</u>	<u>-</u>	<u>alls</u>	<u>598</u>	
Samtals:	konur	567	-	karlar	335	-	alls	602

8. Umf. Breiðablik, Kópavogi (UBK).

Stofnað: 1950

Formaður Þorgerður Aðalsteinsdóttir

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri: konur	241	-	karlar	515	-	alls	756	
<u>16 ára og yngri: konur</u>	<u>418</u>	<u>-</u>	<u>karlar</u>	<u>717</u>	<u>-</u>	<u>alls</u>	<u>1135</u>	
Samtals:	konur	659	-	karlar	1232	-	alls	1891

Félagið starfar í átta deildum og eru þær eftirfarandi:

Blakdeild	- formaður: Vilmar Pétursson
Frjálsíþróttadeild	- formaður: Lúðvík Björgvinsson
Handknattleiksdeild	- formaður: Sigurður Hjaltason
Knattspyrnudeild	- formaður: Valdimar Fr. Valdimarsson
Körfuknattleiksdeild	- formaður: Ingólfur Steindórsson
Skiðadeild	- formaður: Óttar B. Ellingsen
Sunddeild	- formaður: Páll Helgason
Karatedeild	- formaður: Ævar Þorsteinsson

9. Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi (HK).

Stofnað: 1970

Formaður: Þorsteinn Einarsson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldir konur	88	- karlar	198	- alls	271
<u>16 ára og yngri konur</u>	<u>84</u>	<u>- karlar</u>	<u>187</u>	<u>- alls</u>	<u>286</u>
Samtals:	konur	172	- karlar	386	- alls 557

Félagið starfar í þremur deildum og eru þær eftirfarandi:

Blakdeild	- formaður: Albert H.N. Valdimarsson
Handknattleiksdeild	- formaður: Þorsteinn Einarsson
Körfuknattleiksdeild	- formaður: Eggert B. Ólafsson.

10. Siglingafélagið Ýmir, Kópvogi.

Stofnað: 1971

Formaður: Þorgeir Björnsson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri konur	5	- karlar	86	- alls	91
<u>16 ára og yngri konur</u>	<u>0</u>	<u>- karlar</u>	<u>5</u>	<u>- alls</u>	<u>5</u>
Samtals:	konur	5	- karlar	91	- alls 96

11. Knattspyrnufélagið Augnablik, Kópavogi.

Stofnað: 1981

Formaður: Jón Orri Guðmundsson

Fjöldi félaga: karlar 60

12. Umf. Stjarnan, Garðabæ.

Stofnað: 1960

Formaður: Katrín Gunnarsdóttir

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri konur	90	- karlar	157	- alls	247
<u>16 ára og yngri konur</u>	<u>110</u>	<u>- karlar</u>	<u>290</u>	<u>- alls</u>	<u>400</u>
Samtals:	konur	200	- karlar	447	- alls 647

Innan Stjörnunnar eru iðkaðar 6 íþróttagreinar:

Badminton  
Blak  
Handknattleikur  
Karate  
Knattspyrna  
Fimleikar

13. Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ.

Stofnað: 1975

Formaður: Stefán Friðfinnsson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri	konur	23	karlar	53	-	alls	76
-----------------	-------	----	--------	----	---	------	----

<u>16 ára og yngri</u>	konur	18	karlar	105	-	alls	123
------------------------	-------	----	--------	-----	---	------	-----

Samtals:	konur	41	karlar	158	-	alls	199
----------	-------	----	--------	-----	---	------	-----

14. Umf. Bessastaðahrepps, Álfanesi.

Stofnað 1945

Formaður: Linda Björk Lýðsdóttir

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri	konur	29	karlar	50	-	alls	79
-----------------	-------	----	--------	----	---	------	----

<u>16 ára og yngri</u>	konur	16	karlar	27	-	alls	43
------------------------	-------	----	--------	----	---	------	----

Samtals:	konur	45	karlar	77	-	alls	122
----------	-------	----	--------	----	---	------	-----

15. Íþróttafélagið Hlynur, Kópavogi.

Stofnað: 1983

Formaður: Kristján Sigurmundsson

Fjöldi félaga: Vistmenn o.fl. af Kópavogshæli: 60

16. Siglingafélagið Sigurfari, Seltjarnarnesi.

Stofnað: 1981

Formaður: Hjörtur Hjartarson

Fjöldi félaga: 160

17. Íþróttafélagið Tjaldur, Tjaldanes, Mosfellssveit.

Stofnað: 1984

Formaður: Jóhanna Guðjónsdóttir

Fjöldi félaga: Vistmenn o.fl. á Tjaldanesheimilinu.

## 18. Íþróttafélag Kópavogs (IK)

Stofnað: 1976

Formaður: Magnús Harðarson

Fjöldi félaga:

16 ára og eldri konur 32 - karlar 90 - alls 122

16 ára og yngri konur 0 - karlar 170 - alls 170

Samtals konur 32 - karlar 260 - alls 292

Innan félagsins eru iðkaðar tvær íþróttagreinar, knattspyrna og tennis.

### FÉLAGSMÁLAFRÆÐSLAN.

UMSK hefur gegnum árin haldið nokkur félagsmálanámskeið hjá aðildarfélögum sínum. Þessi námskeið hafa nú s.l. starfsár alveg fallið niður og kemur þar margt til.

Áhugi hjá aðildarfélögum hefur verið mjög takmarkaður, mikla vinnu verður að leggja af mörkum til að koma á námskeiðum og hefur ekki unnist tími til þess.

Það er þó vanandi að haldin verði sem fyrst og flest félagsmálanámskeið, því reynslan sýnir að námskeiðin virka sem vítamíns-sprauta í félagsstarfið.

### KENNSLUSKÝRSLUR.

Nokkuð erfiðlega hefur gengið að innheimta kennsluskýrslur af félögunum og deildum innan sambandsins. Þurft hefur að ganga hart eftir að fá skýrslur frá sumum félögum og deildum og samt ekki alltaf tekist að innheimta þær í tæka tíð og hafa félögin og sambandið tapað tugum þúsunda á þessa trassaskap í formi minnkaðs kennslu og útbreiðslutyrks. Nú um áramótin voru í fyrsta sinn send ný skýrslueyðublöð sem eiga að vera einfaldari og fljótlegri í útfyllingu. Einnig var gerður leiðbeiningabæklingur og bókhaldslykill og er ætlunin að félögin geri upp sína reikinga með hliðsjón af þessum bókhaldslykli. Vonandi verður þessi breyting til að auðvelda og flýta fyrir útfyllingu kennsluskýrslanna og að vandamál vegna skýrslugerðar verði úr sögunni. Tilgangur þessara kennsluskýrslna er sá að frá fram nákvæmar upplýsingar um starfsemi íþróttahreyfingarinnar á hverjum tíma og síðan að greiða kennslu og útbreiðslustyrk eftir þeim.

LANDSMÓTIÐ 1984.

Liðið starfsár var landsmótsárár. Var Landsmót UMFÍ að þessu sinni haldið í Keflavík/Njarðvík. Landsmót UMFÍ eru hverju sinni hápunktur í starfi ungmannafélaganna. Undirbúningur hjá UMSK fyrir mótið hófst með skipan landsmótsnefndar, en hana skipuðu eftirtaldar félagar: Gunnar Baldvinsson form., Helgi Gunnarsson, Sveinn Jóhannsson, Jón Ingi Ragnarsson og Páll Aðalsteinsson. Landsmótsnefnd hóf snemma störf og var þá fyrst og fremst hugað að fjárlögunarleiðum og skipaðir voru sérgreinastjórar. Ákveðið var að fara út í útgáfu á landsmótsblaði og var markmiðið að kynna UMSK, Landsmót UMFÍ og ná upp í kostnað vegna þátttöku UMSK í landsmótinu. Blaðið bar nafnið "Landsmótsblað UMSK" var 20 síður að stærð og var gefið út í 7000 og dreift ókeypis á sambandssvæði UMSK. Í blaðinu var landsmótið kynnt og viðtöl og greinar um landsmótsfara og þjálfara. Blaðið skilaði um 100.000,00 kr. hagnaði.

Á landsmótið mætti UMSK með fjölmennasta hópinn, þar sem mættu knattspyrnumenn úr UBK, körfuknattleiksmenn og nokkrar af handknattleikskonunum voru einniq frá UBK. Frá Stjörnunni kom hluti af handknattleiksliðinu, blakmenn frá HK, fimleikaflokkur frá Gerplu, sundfólk og frjálsíþróttafólk að mestu frá UBK. Skákmennirnir voru flestir gamalreyndir kappar frá fyrri landsmótum, starfsíþróttafólk var víðsvegar að af sambandssvæðinu, siglingamenn úr öllum siglingaklúbbum innan sambandsins, borðtennisliðið snoggsoðið, sem og júdóliðið.

Um leið og fjallað verður um árangur í einstökum landsmótsgreinum verður lítillega fjallað um hverja þeirra.

Nokkurar bjartsýni gætti meðal UMSKmanna um góðan árangur í blaki. Ekki brugðust þeir vonum okkar þrátt fyrir tap gegn HSK í úrslitaleiknum, sem vissulega var bagalegt. Þessi leikur hefur af sumum verið talinn leikur aldarinnar. Blakið er á uppleið á sambandssvæðinu og er það vel. Blakinu var stjórnað af Alberti H.N. Valdimarssyni og fórst honum stjörnunin vel úr hendi.

Við riðum ekki feitum hesti frá keppni í borðtennis. Var að vísu ekki við öðru að búast, þar sem þessi íþrótttagrein hefur ekki verið stunduð reglulega á sambandssvæðinu. Nú hefur orðið á þessu bót. Aft hefur verið reglulega hjá Stjörnunni og Gerplu í veturn. Ef vel er haldið utan um þessa starfsemi er möguleiki á því að við getum látið meira að okku kveða á næsta og næstu landsmótum.



Sigursveitin í  $4 \times 100$  m boðhlaupi karla á Landsmótinu. Og að sjálfsgöðu féll gamla Landsmótsmetið.



Algeng sjón, skáklið UMSK á efsta palli.

Reiknað hefði verið með því að knattspyrnumenn okkar myndu keppa um efsta sætið á mótinu, en svo fór því miður ekki. Áhuga-leysi einkenndi þátttöku þeirra og því fór sem fór. Þegar við fórum næst á landsmót þá reynum við að hafa með áhugasama knatt-spyrnumenn, sem taka hverju verkefni sem alvöruverkefni.

Handknattleikurinn var illa undirbúinn og árangurinn kannski ekki svo slæmur ef á það er litið, en svona fjölmennt svæði á ekki að þurfa að standa í svona basli. Vonandi verður hægt að mynda heilsteptytari kjarna fyrir næsta landsmót.

Keppnin í frjálsum íþróttum var spennandi. Þegar upp var staðið þá þurfum við að sætta okkur við þriðja sætið, eftir harða keppni við UÍA en HSK sigraði. Ekki er ástæða til þess að örвænta ef þetta unga fólk heldur áfram að æfa og taka þátt í keppni á vegum UMSK. Ekki er hægt að fjalla um frjálsar íþróttir öðru vísni en að minnast á Svanhildi Kristjónsdóttur. Hún sigraði í 100 m hlaupi á 12,4 sek., í 400 m hlaupi á 57,6 sek. sem er nágildandi landsmótsmet. Einnig var hún í sigursveit UMSK í 4 x 100 m boð-hlaupi að ógleymdum sigri í langstökki. Svanhildur stökk 5,69 m. Þessi frábæri árangur færði henni flest stig kvenna á þessu landsmóti. Í sveit UMSK var margt ungt og frambærilegt íþróttafólk, en ef við ætlum okkur sigur þá verðum við að verða öflugri í kast-greinunum. Ólafur Unnsteinsson á þakkir skilið fyrir gott starf með þennan hóp.

Þeir keppendur UMSK sem komu hvað mest á óvart voru körfu-knattleiksmennirnir. Að vísu höfnuðu þeir í 5. sæti, en þeir voru ekki taldir fyrir fram meðal þeirra stóru spámannna, en keppnis-gleði og félagsandi var til sóma fyirir sambandið. Þessum hópi var vel stýrt af Ragnari Bjartmarssyni.

Í sundkeppninni áttum við, við algert ofurefli að etja, enda ekki verið kerfisbundin þjálfun í sundi á sambandssvæðinu, því miður. Ef UMSK ætlar að eiga von á sigri í heildarstigagjöf landsmótanna, þá þarf hér að taka til hendinni og það strax. „Helst í gær”.

Því miður var undirbúnin gur í ærinum eins og starfsíþróttum og judó ekki mikill og því árangurinn í lakara lagi.

Enginn þátttakandi var í glímu, sem lýsir kannski vel ástandi þessarar fornu íslensku íþróttagreinar.

Anægjuleg var frammistaða skákmanna okkar. Sigruðu þeir með glæsibrág. Fáir keppendur settu eins mikinn svip á aðalstöðvar UMSK á svæðinu alltaf kátir og hressir. Einnig setti þátttaka fimeleikafólksins skemmtilegan svip á landsmótið.

Siglingamenn gerðu líka sitt í því að gera þetta stærsta íþróttamót sem haldið er á Íslands fjölskrúðugra. Kepptu þeir í siglingu á leið til Keflavíkur og kepptu í höfninni á smærri bátum.

Á landsmótinu var starfrækt möguneytí sem var n.k miðstöð keppenda UMSK. Aðstandendur og hjálparfólk þar stóð sig með mikilli prýði. Er þetta nauðsynlegur þáttur á hverju landsmóti.

Margt má um þetta landsmót segja, bæði um undirbúninginn og keppnina sjálfa en í stuttu málí má segja þetta:

Undirbúningurinn af hálfu landsmótsnefndar sem yfirstjórnandi var langt frá því að vera nægjanlega góður. Einnig var oft erfitt að virkja aðildarfélögin til samstarfs og því fór sem fór. Ekki svo að skilja að ekki hafi marqt verið gert, því það var það, og það ber að þakka, en við getum gert betur. Þátttaka í landsmóti er meira ævintýri en það, að því megi klúðra. Landsmót er gullið tækifæri til þess að koma á samvinnu aðildarfélaganna innan sambandsins og styrkja það. Nú er að líta fram á veginn, styrkja samstöðuna og sýna hvað í okkur býr. Leggja af alla sundurþykki og hefja þegar undirbúning að myndarlegri þátttöku á landsmóti 1987 á Húsavík, þá er tími UMSK kominn.

Í lokin vil ég fyrir hönd UMSK þakka þeim sveitarfélögum og öðrum þeim sem styrktu þátttöku sambandsins á landsmót, sérstaklega voru framlög Kópavogsbæjar og sýslusjóðs myndarleg.

Einnig þökkum við öllum sem stóðu að undirbúningi, með óeigingjörnu starfi og íþróttafólkinu fyrir sitt framlag.

GAUKURIINN '84.

Það gekk ekki hávaðalaust að koma á samvinnu HSK og UMSK um samkomuna (útihátiðina/Gaukurinn '84) sem haldin var um Verslunar-mannahelgina í Þjórsárdal. Eins og flestir vita sem þessa skýrslu lesa, þá stóðu þessi tvö stærstu héraðssambönd innan UMFÍ að sams-konar útihátið '83. Framkvæmd þeirrar samkomu gekk að mestu áfalla-laust og skilaði hvoru sambandi álitlegum hagnaði. Hagnaði sem var mikill styrkur við starfsemi UMSK á síðasta ári. Einhverjir erfið-leikar virðast hafa komið upp í samstarfi sambandanna, eða einhverjar annarlegar hvatir. Því þegar taka átti til hendinni og hefja sam-starf að nýju, voru HSK menn ekki tilbúnir til samvinnu um verkefnið. Við vorum ekki sáttir við þá jiðurstöðu og reyndum að koma á sam-komulagi.

Það yrði of langt mál og flíkið að rifja upp aðdraganda Gauksins '84. Eftir margra mánaða þref komst á samkomulag og hafist var handa við undirbúning af fullum krafti, því tíminn var orðinn naumur.

Skipuð var framkvæmdanefnd beggja sambanda. Hana skipuðu f.h. UMSK Kristján Sveinbjörnsson, Katrín Gunnarsdóttir og starfsmaður Einar S. Árnason. Verkaskipting var í stórum dráttum sú að HSK sá um söluskála en UMSK sá um gæsluna. Haft var samband við öll aðildar-félög innan sambandsins og þeim boðin þátttaka í verkefninu og um leið fjárlunarleið fyrir þau. Ekki virtist áhugi vera mikill enda tæpur mánuður til stefnu og margir uppteknir og lentum við því í basli. Þurftum við því að manna gæsluna að hluta með nokkrum aðilum sem ekki voru aðilar að sambandinu. Ýmsar ástæður eru sjálf-sagt fyrir þessum dræmu undirtektum, má þá nefna skamman tíma til stefnu þegar loksins náðist samkomulag. Annar undirbúningur gekk ágætlega og var allt tilbúið þegar samkoman hófst. Skipulagning gæslufólks var þó ekki sem skildi vegna óvissu um fjölda.

Áhætta við hátíðahöld sem þessi er alltaf nokkur. Þegar samið var við skemmtikrafta og annar kostnaður áætlaður var gengið út frá svipuðum fjölda og kom árið áður. Strax fyrsta kvöldið var ljóst að sú áætlun var nokkuð hógvær, því unga fólk ið streymdi í Þjórs-árdalinn. Þegar upp var staðið var Gaukurinn '84 með stærstu úti-hátiðum á landinu þá Verslunarmannahelgi. Samkomugestir voru um 4.000. (Þessi gða aðsókn gaf af sér nokkurn hagnað, sem styrkti mjög fjárhagsstöðu sambandsins). En svo við gerum langa sögu stutta þá gekk hátíðin stórslysalaust fyrir sig og gestir samankomunnar

virtust mjög ánægðir.

Margt fólk starfaði við Gaukinn '84 og stóð það sig frábærlega vel við erfið skilyrði. Er þeim hér með þakkað gott starf. Vonandi verður hægt að leita til þeirra aftur þegar að því kemur og koma þá vonandi fleiri með. Ekki má gleyma því að hér er um að ræða fjárlunarleið bæði fyrir UMSK og aðildarfélög þess. Leggja menn þá á sig vinnu bæði fyrir sambandið og sína deild.

HSK hefur alfarið hafnað samstarfi á jafnréttis grundvelli varðandi útihátið í Þjórsárdal 1985. Sóttu því bæði samböndin um afnot af svæðinu um Verslunarmannahelgina n.k. til skógræktarinnar. Nú hefur borist svar við þessum umsóknum frá Sigurði Blöndal skógræktarstjóra. Hefur HSK verið úthlutað svæðinu um Verslunarmannahelgina en UMSK um hvítasunnuna 26.-27. maí.

HSK er þakkað samstarfið um leið og þeirra afstaða til samvinnu við UMSK er hörmuð. Vonandi kemur sá dagur að menn öðlist þann þroska að þessi tvö stærstu héraðssambönd innan UMFÍ geti starfað saman af einhug.

#### HEIMSÓKN TIL D.D.G.U.

Haustið 1983 átti undirritaður erindi til Danmerkur var það þá samþykkt af stjórn UMSK að ég kynnti mér störf DDGU, Det Danske Gymnastik og Ungdomsforening. DDGU svipar til UMFÍ og eru nokkur samskipti á milli þessara aðila, má þar nefna heimsókn á vegum DDGU hingað á landsmót ungmenningarfélag s.l. sumar. Það var einmitt í gegnum UMFÍ sem mér var komið í samband við framkvæmdastjóra DDGU í Vejle en þar eru höfuðstöðvar þeirra.

Eftir að ég hafði náð sambandi við skrifstofu DDGU eftir komuna til Danmerkum var mér boðið að heimsækja íþróttta og námskeiðamiðstöð þeirra í Fuglsø senter. Þar dvaldist ég tæpan sólarhring og notaði tækifærið og skoðaði aðstöðuna sem þeir höfðu komið sér þar upp. Þessi miðstöð hafið upp á að bjóða tvö íþróttahús vel búin, góða aðstöðu til allra útiþróttta, að vísu var ekki komin sundlaug. Funda og kvöldvöku aðstaða var mjög skemmtileg og allur aðbúnaður hinn besti. Þessi íþróttamiðstöð standur í mjög skemmtilegu umhverfi í landi Mölbúanna frægu. Síðan var ferðinni heitið til Vejle. Þar var mjög vel tekið á móti mér. Þá daga sem ég dvaldi í Vejle var mér vel sinnt. Fyrsta daginn voru mér sýnd helstu íþróttamannvirki á

á staðnum. Íþróttahúsin voru stórkostlega vel búinn og greinilega vel hönnuð. Íþróttaskólinn í Vejle var heimsóttur. Þar hafa a.m.k. tveir íslendingar stundað nám. Upplýsingar um skólann eiga að vera til á skrifstofu UMSK. Það er áberandi hve öllu er vel fyrirkomið í öllum íþróttamannvirkjum dana sem ég sá. Getum við margt af þeim lært í þeim efnum.

Næstu dagar fóru í það að ég kynnti mér skrifstofu DDGU og hlutverk hennar og síðan tengsl sambanda og félaga við hana. Skrifstofan var búinn allri nýustu tækni, þar á meðal tölву. Hún er mikið notuð í tengslum við námskeiðahald, en vinna í tengslum við þau eru eitt af aðal störfum skrifstofunnar. Mikil útgáfustarfsemi er á þeirra vegum. Hafa þeir komið sér upp eigin prentvél við útgáfu-störfin. Mér var boðið með á ýmsa fundi þ.a.m. fund með Vejle Amd. sem er eitt af samböndum innan DDGU, einnig fór ég á fund fimleikaráðs DDGU, en fimleikar eru langstærsta íþróttagreinin innan þeirra vébanda. Allt var þetta mjög athyglisvert. En hvaða máli skipti þetta félaga okkar í UMSK.

Það sem eftir situr er það að sambandi hefur verið komið á milli okkar og þeirra. Gögn yfir námskeið þeirra liggja á skrifstofu UMSK og félögum okkar boðið til þeirra fyrir lítið fé eða ókeypis. Um er að fæða fjölbreytileg námskeið og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Möguleiki er einnig að fá send fræðirit um íþróttir sem þeir gefa út. Mögulegt ætti að vera að komast í þjálfunarþúðir í Danmerku í gegnum þá. Það sem þeir hafa mestan áhuga á eru íþróttaleg og félagsleg samskipti og er þá um að ræða samskipti í næstum hvaða íþróttagrein sem er og á hvaða stigi sem er. Gaman væri ef hægt væri að koma á slikum samskiptum.

Að lokum vil ég segja þetta. Það þykir nokkuð sjálfsagt að kepknismenn í íþróttum fari til útlanda og leiki þar, einnig er orðið algengt að þjálfarar sækí námskeið erlendis, en því miður þykir það ekki eins sjálfsagt að þeir sem starfa við stjórnunarstörf í íþróttahreyfingunni sækí útlendinga heim, til endurhæfingar og styrkingar. Eftir ferð mína er ég í engum vafa um það að slíkar ferðir borgi sig.

HÚSNÆDISMÁL UMSK.

Húsnæði sambandsins hefur í gegnum tíðina ekki verið nein hallarkynni. Með  $6 \text{ m}^2$  hefur starfslið sambandsins þurft að nota hvern einasta fersentimetra til að athafna sig.

Það var því gripið fyrsta tækifæri sem gafst til að stækka skrifstofuna og nú er sambandið komið með  $25 \text{ m}^2$  skrifstofu auk  $6 \text{ m}^2$  geymslu og aðgang að eldhúsi, snyrtingu, setustofu og ljósritunarherbergi alls samtals  $40 \text{ m}^2$ .

Það var í júní '81 sem sambandið fékk að setja niður borð og stól í einu horni í húsakynnum UMFÍ að Mjölnisolti 14 og opnaði þar með skrifstofu. Annars hafði sambandið verið með 1 herbergi hjá Félagsmálastofnun Kópavogs í Kópavogi, en ýmissa hluta vegna hafði þar ekki verið nein starfsemi.

Það var sambandinu ómetanlegt að fá að njóta þeirrar aðstöðu sem skrifstofa UMFÍ hafði upp á að bjóða þegar UMSK var að hefja starfsemi sína á ný eftir nokkra ára hlé.

Sambandið var í rúmlega eitt ár hjá UMFÍ eða fram í október '82, en þá flutti það í eigin leiguhúsnæði sem var  $6 \text{ m}^2$  skrifstofuhúsnæði og leigðum við það af Prentþjónustunni sem var á sömu hæð og UMFÍ. Við fengum áfram að nýta þá aðstöðu sem við höfðum hjá UMFÍ varðandi fjöldritun, kaffistofu og fundarherbergi.

Það var þó alltaf ljóst að þessi aðstaða okkar var til bráðabyrgða en það var von sambandsins að þegar Prentþjónustan flytti burt, sem lá í loftinu, myndu mál skipast þannig að sambandið gæti stækkað við sig.

Það var svo í september s.l. að Prentþjónustan flutti út og hafði þá UMFÍ hug á að kaupa húseignina, en ekkert varð þó úr því þar sem of mikið bar í milli UMFÍ og seljanda eða 2,5 millj. á móti 2,9 millj. Það má geta þess að stræð húsnæðisins er um  $300 \text{ m}^2$  að utanmáli.

Það var þá að UMSK hugleiddi að taka húseignina á leigu og innréttu hana og leigja síðan út þann hluta sem UMSK nýtti ekki.

Það kom strax í ljós að leigendur fundust og bauðst m.a. UMFÍ til að leigja af okkur um  $100 \text{ m}^2$ . Varð úr að UMSK gerði leigusamning til 5 ára, en þó getur húseigandinn rift honum ef hann soldi eignina og varð hann þá að bæta okkur allar framkvæmdir á eigninni. Það kom fram að eigandinn huggðist ekki selja eignina fyrst um sinn. Það kom því mjög mikið á óvart þegar UMSK fékk að heyra það á Sambandsráðsfundi UMFÍ sem haldinn var rúmum mánuði eeftir að leigusamningur var gerður

að stjórn UMFÍ hefði samþykkt að kaupa eignina á 3 milljónir með okkar innréttингum.

Sjá bréf til stjórnarmanna UMFÍ.

„ Eigandi húsnæðisins óskar eftir verðhugmyndum frá UMSK varðandi framkvæmdirnar. Verðhugmynd UMSK var 520.000,00 miðað við fullkláraðar framkvæmdir. Upphæð þessi var miðuð við að allar framkvæmdir hefðu verið keyptar fullu verði, en UMSK hafði fengið sumstaðar verulegan afslátt á efni og vinnu og telur UMSK þann mismun sína eign.

Eigandi húsnæðisins taldi þessa upphæð alltof háa og hélt því fram að hér væri UMSK að reyna að okra á framkvæmdunum. En það sem meira var, formaður og framkvæmdastjóri UMFÍ töldu einnig að UMSK væri að orka á þessum framkvæmdum og um leið að stoppa kaupin.

Stjórn UMSK er mjög sár yfir þessum ásökunum þar sem hún taldi umrædda upphæð mjög sanngjarna. Stjórn UMSK var aldrei á móti því að UMFÍ keypti umrætt húsnæði og var tilbúin, þrátt fyrir það sem á undan var gengið að slá af upphæðinni gegn því að UMSK eignaðist hluta af húsnæðinu. Því miður var því hafnað.

UMFÍ gerði okkur því næst tilboð sem var á þá leið að taka við öllu húsnæðinu eins og það var þá (en þá var töluvert eftir af framkvæmdum) og greiða okkur allan sannanlegan kostnað sem hægt væri að sýna fram á með nótum. Þetta tilboð þótti okkur smánarlegt þar sem við áttum þá ekkert að fá fyrir sjálfboðavinnu og afslátt af vinnu og efni og þann mikla tíma sem bæði formaður og framkvæmdastjóri höfðu eitt í framkvæmdirnar. Þetta tilboð var nú hækkað um 50.000,00 en UMSK taldi samt ekki nógu langt gengið ”.

Það urðu því engin kaup hjá UMFÍ og einnig varð ekkert af leigu UMFÍ á húsnæðinu en sambandið hafði haldd húsnæðinu lausu fyrir þá í 3 mánuði.

Sambandið hefur tapað stórum upphæðum á öllum þessum deilum við UMFÍ og eiganda húsnæðisins og er vonandi að það þurfi ekki að endurtaka sig. Staðan í húsnæðismálum er þannig í dag að framkvæmdum er nú því nem næst lokið, og eru þeir sem ætla að vera með okkur að koma sér fyrir. Peir sem hafa unnið við húsnæðið eru nær allir UMSK menn og eru það : Páll Aðalsteinsson tréverk og pípulögn, Ragnheiður Árnadóttir og Kristín Sigurleifsdóttir málning, Kristján Sveinbjörnsson rafmagn. Einar Gunnarsson ýmislegt, Jón P. Sverrisson eldhúsinnréttung, Baldur Danielsson útréttингar.

Eru þessum aðilum færðar hinu bestu þakkir.

FUNDIR OG ÞING.

Talsvert hefur verið um þing og fundarhöld hjá stjórnarmönnum á liðnu ári.

Má þar m.a. nefna fundi með fulltrúum flestra sveitarfélaganna á sambandssvæðinu, sambandsráðsfundur UMFÍ, íþróttapring ÍSÍ svo og nokkur þing sérsambanda ÍSÍ, fundir með skógræktarstjóra o.fl.

Pá sótti fyrrv. framkvæmdastjóri sambandsins framkvæmdastjóra-námskeið hjá UMFÍ og fór einnig í heimsókn til DDGU í Danmörku.

Einnig hafa framkvæmdastjórar sambandsins setið fundi SÍK (samstarfsnefnda íþróttafélaganna í Kópavogi) sem fundarritarar og starfsmenn.

Formannafundur var haldinn að Mjölnisholti 14, þann 25. október s.l. þar sem fjallað var um starfsemi sambandsins og aðildarfélaganna í þátið, nútíð og framtíð. Því miður var mæting slök og dró það mjög úr gildi fundarins.

ÍÞRÓTTAMÓT.

Alls voru haldin 12 íþróttamót á vegum UMSK á liðnu starfsári. Flest eru þau orðin að föstum lið í starfsemi sambandsins s.s. skólahlaupið og héraðsmót í hinum ýmsu íþrótttagreinum. Nokkuð vantar þó að haldin séu héraðsmót í öllum þeim íþrótttagreinum sem iðkaðar eru innan UMSK, má þar t.d. nefna körfuknattleik, sund og fimleika. Það hlýtur að vera keppikefli á komandi árum að héraðsmótin verði fastur liður í öllum íþrótttagreinum sem stundaðar eru af félögum innan UMSK.

Eftirtalin íþróttamót voru haldin á vegum UMSK á liðnu starfsári:

1. Badmintonmót UMSK 3. mars.
2. Héraðsmót í blaki 23. apríl.
3. Héraðsmót í frjálsum íþróttum innan-húss í apríl.
4. Innan-hússmót UMSK í knattspyrnu 12. feb. og 3.-4.mars.
5. Héraðsmót í frjálsum íþróttum utan- húss 23 júní.
6. Aldursflokkamót UMSK 7. júlí.
7. UMSK-mótið í siglingum kjölbáta 13. júlí.
8. Meistaramót Íslands 14 ára og yngri í frjálsum íþróttum í samvinnu við FH 28.-29. júlí.
9. Haustmót UMSK í knattspyrnu í ágúst/september.
10. Héraðsmót UMSK í karate 17. nóvember.
11. Skákþing UMSK 24.-25. nóvember.
12. Skólahlaup UMSK 24. nóvember.

GETRAUNIR.

Keppnistímabilið 1983 - 1984 seldust á landinu 15.772,852 raðir sem er nokkur fækkun frá fyrra ári en þá seldust rúmlega 17.000,000 raðir. Meðal skýringa er t.d. það að verðið á hverri röð hækkaði úr 1.50 kr í 2.50 kr. Félagar innan UMSK seldu á síðasta ári 1.410.888 raðir, sem er 8.95 % af heildarsölunni í landinu.

Yfirlit yfir sölu aðildarfélaga UMSK:

Félag.	Sölulaun á áramótum 1984/1985.	Sölulaun 1983/1984.	Sölulaun 1982/1983.
Stjarnan	95.392,50	137.078,75	41.976,75
UBK	188.396,25	377.002,50	231.016,50
ÍK	78.302,50	107.736,25	45.660,00
Afturelding	58.683,75	131.885,00	100.090,50
Grótta	18.765,75	12.131,50	32.241,00
HK		60.761,25	45.045,00
Augnablik		28.298,75	23.287,75
Gerpla			407,25
Umf. Kjalm.		16.171,25	22.301,25
Hlynur	6.790,00	10.833,75	
Samtals:	446.333,75	881.805,00	542.301,75

Ef skoðað er hver hlutur UMSK félaga er af heildarsölunni á landinu kemur eftirfarandi í ljós:

1980-1981 var UMSK með 7,23 % af heildarsölu Getrauna.

1981-1982 var UMSK með 7,43 % af heildarsölu Getrauna.

1982-1983 var UMSK með 8,82 % af heildarsölu Getrauna.

1983-1984 var UMSK með 8,95 % af heildarsölu Getrauna.

Á áramótum 1984/1985 þegar núverandi starfsár Getrauna er hálfnað er hlutur UMSK félaga 8,46 % af heildarsölunni.

Heldur hefur því salan dregist saman hjá félögnum, eða önnur félög aukið heldur við sig. Engu að síður er það augljóst mál að sala getraunaseðla er orðinn snar þáttur í fjárlöflunum margra félaga deilda. Eru því aðildarfélög UMSK hvött til að gefa þessari fjárlöflun gaum og sinna henni eftir því sem tök eru á.

PÁTTTAKA Í OLYMPÍULEIKUM.

Á liðnu ári voru Olympíuleikar, „ vetrarleikarnir ” í Sarajevo í Júgóslavíu, en „ sumarleikarnir í Los Angeles í USA.

Frekar lítið hefur farið fyrir þeim íþróttagreinum innan UMSK sem keppt er í á „ vetrar - Olympíuleikunum ”, en á „ sumarleikunum ” voru að þessu sinni 3 keppendur úr röðum félaga UMSK. Það voru þeir: Gunnlaugur Jónasson og Jón Pétursson úr siglingakblubbnunum Ýmir í Kópavogi, sem keptu í siglingum og Brynjar Kvaran Stjörnunni sem keppt með handknattleiksliðinu. Er þessum köppum hér með óskað til hamingju með þennan merka áfanga. Það að keppa fyrir hönd Íslands á Olympíuleikum er takmark sem aðeins toppíþróttamenn eiga möguleika á að ná.

FRAMLÖG SVEITARFÉLAGA.

Á s.l. 2 árum hafa forráðamenn UMSK átt fundi með ráðamönnum flestra sveitarfélaga á sambandssvæðinu. Markmiðið með fundum þessum var að kynna sveitastjórnarmönnum störf og stefnu sambandsins og sýna fram á þá nauðsyn sem styrkir sveitafélaganna eru sambandinu.

Mjög er misjafnt hversu vel hin ýmsu sveitarfélög á sambands- svæðinu stiðja við bakið á UMSK með fjárfamlögum og til þess að gefa nokkra hugmynd um það mál birtum við hér yfirlit yfir 3 síðustu ár.

Sveitarfélag	Heildarframlag		
	1982	1983	1984
Bessastaðahreppur	3.000		9.700
Garðabær	7.500	12.000	14.000
Kópavogur	65.000	70.000	130.000
Seltjarnarnes	5.000	5.000	15.000
Mosfellshreppur	7.500	12.000	24.500
Kjalarnešhreppur	0	0	9.918
Kjósahreppur	1.000	1.000	
Sýslusjóður Kjósasýslu	40.000	75.000	100.000

Þegar litið er á þessar tölur verður að segja að hvað varðar árið 1984 hafa mörg sveitarfélaganna stutt myndarlega við bakið á sambandinu svo og sýslusjóður. Það sem hvað mesta athygli vekur er lágt framlag Garðabæjar og Seltjarnaneskaupsstaðar miðað við önnur sveitarfélög.

Ef á heildina er litið hefur þó orðið allveruleg hækjun á framlögunum á árinu 1984 og er það vel.

SÉRRÁÐ.

HANDKNATTLERI.

Liðið ár var nokkuð gott hjá handknattleiksmönnum. Stjarnan spilaði í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn og undirstrikaði að liðið er eitt þeirra 4 bestu í landinu.

UBK varð í örðu sæti í 2. deild og komst þar með loksins í pá 1. Grótta missti naumlega af lestinni og varð í 3 sæti, en HK sigldi nokkuð lignan sjó. Afturelding var í toppbaráttunni 3. deildarinnar, en skotri herslu muninn til þess að komast upp.

Af yngri flokkum er það að segja að Stjarnan komst í úrslit með alla flokka sem er frábær árangur og á örugglega eftir að skila sér í fyrna sterku meistaraflokki þegar frá líður. Grótta var með 2 flokka í úrslitum og varð 3.fl. karla Íslandsmeistarar.

Öflugt yngri flokka starf er nú meðal aðildarfélaga UMSK svo að framtíðin verður að teljast björt.

Árlegt Héraðsmót var haldið um áramótin 1983 - 1984 og urðu sem hér segir:

<u>5.fl.ka. A</u>	<u>5.fl.ka. B</u>	<u>4.flokkur</u>	<u>3.flokkur</u>	<u>3.fl.kv.</u>	<u>2.fl.kv.</u>
1. Stjarnan	1. Grótta	1. HK	1. Grótta	1. Grótta	1. HK
2. Grótta	2. UMFA	2. Stjarnan	2. UMFA	2. UMFA	2. Stjarn.
3. UBK		3. Grótta	3. HK	3. HK	3. UMFA
4. UMFA		4. UMFA	4. Stjarnan	4. Stjarnan	
5. HK		5. UBK		5. UBK	

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR.

Frjálsíþróttafólk UMSK vegnaði vel á árinu 1984. UMSK hlaut 28 Íslandsmeistara á árinu 1984. 10 innanhúss og 18 utanhúss. Alls 28 titla. Þjálfari frjálsíþróttadeidar Breiðabliks, Ólafur Unnsteinson íþróttakennari sá um æfingar úrvalsliðs UMSK fyrir stórmót ársins. 20 - 30 íþróttamenn stunduðu æfingar að staðaldri. Frjálsíþróttafólk úr Breiðablik og Aftureldingu skipaði úrvalslið UMSK.

Besta frjálsíþróttafólk UMSK stundaði æfingar í Baldurshaga í Reykjavík á miðvikudags og föstudagkvöldum og í íþróttahúsini Digranesi, Kópavogi, á sunnudagkvöldum frá janúar til maí. Auk þess sér

æfingar í Orkulind í Reykjavík. Um sumarið fóru utanhúsæfingar fram í Kópavogi þrisvar í viku og tvisvar sinnum í Reykjavík.

Á árinu ber hæst þátttaka UMSK á Landsmótinu í Keflavík/Njarðvík 27 keppendur. UMSK átti þáttakendur á 30 frjálsíþróttamótum árið 1984.

Þar sem sérstakt fylgirit kemur út um frjálsar íþróttir er ekki meininingin að tíunda hér úrslit á héraðsmótum, né einstaka sigra og afrek íþróttamanna.

Það kom berlega í ljós á liðnu ári að frjálsíþróttafólk sambandsins á framtíðina fyrir sér. Harðsnúinn kjarni hefur nú stundað æfingar af krafti í nokkur ár. Að vísu varð liðið að láta sér lynda 3. sætið á Landsmóti UMFÍ og bíta í það síða epli að falla úr 1. deild í 2. deild í bikarkeppni FRÍ. En eins og áður hefur verið sagt er liðið mjög ungt og þá vantar einnig inn í sumar greinarnar t.d. kúluvarp og kringlukast. Menn skyldu þó gera sér það ljóst að frjálsar íþróttir eru einstaklings íþrótt ekki flokka íþrótt. Og markmiðið er að ná því besta fram í hverjum einstaklingi óháð hvernig næstu mönnum gengur. Þó að liðinu hafi ekki tekist að komast á toppinn á áður nefndum keppnum voru einstakir keppendur úr hópi UMSK manna sem skutu öðrum frjálsíþróttamönnum aftur fyrir sig hvað eftir annað.

Má þar m.a. nefna íþróttamann Kópavogs, Svanhildi Kristjónsdóttur, Erling Jóhannsson, Einar Gunnarsson, Sigurjón Valmundsson o.fl. Um þau afrek má lesa í áður nefndri skýrslu sem tekin var saman af þjálfara UMSK í frjálsum íþróttum sumarið 1984, Ólafi Unnsteins-syni.

#### BADMINTON.

Þau félög sem stunda badminton af einhverju marki eru: Afturelding Gerpla og Grótta. Afturelding tók þátt í deildarkeppni Badminton-sambandsins, keppti í 2. deild og varð í 8. sæti af 9 félögum.

Héraðsmótið í Badminton var haldið 3. mars í íþróttahúsinu að Varmá í Mosfellssveit og var mótið í umsjón Aftureldingar.

Helstu úrslit urðu sem hér segir:

Einliðaleikur kvenna:

1. Anna Harðardóttir UMFA
2. Ingunn Jónsdóttir UMFA

Einliðaleikur karla:

1. Kjartan Ó Nielsen UMFA
2. Svavar Jóhannsson Gerpla

Tvíliðaleikur karla:

1. Kjartan Ó Nielsen/Gretar S Hjartarson UMFA
2. Gunnlaugur Guðjónsson UNK/Halldór S Gunnarsson UBK

Tvendarleikur:

1. Svala Árnadóttir UMFA/Gretar S Hjartarson UMFA
2. Hrefna Kjartansd. UMFA/Kjartan Ó Nielsen UMFA

Piltar, einl.1.

1. Hörður Þórðarson UMFA
2. Sigurður Gunnarsson UMFA

Stúlkur, einl.1.

1. Kolbrún Ottósdóttir UMFA
2. Dóra Heiður Gretarsdóttir UMFA

Tvíliðaleikur:

1. Arnar Þórðarson/Sigurður Gunnarsson UMFA
2. Reynir Pálmason/Guðfinnur Vilhjálmsson UMFA

Tvíliðaleikur:

1. Dóra H Gretarsdóttir/Sigurlaug Sigvaldad. UMFA
2. Kolbrún Ottósdóttir/Sigurlaug Sigvaldsd. UMFA

Piltar/stúlkur

Tvendarleikur:

1. Sigurlaug Sigvaldsd/Hörður Þórðarson UMFA
2. Dóra H Gretarsd./Sigurður Gunnarsson UMFA

B L A K.

Innan UMSK er mjög lifleg blakstarfsemi. Eins og undanfarin ár er HK í Kópavogi með mestu umsvifin. Önnur félög innan UMSK sem tóku þátt í blakmótum á síðastliðnum vetri voru þessi: UBK Kópavogi, Stjarnan Garðabæ og Afturelding Mosfellssveit.

A íslandsmótum 1984 hlutu félög innan UMSK verðlaunasæti sem hér segir:

K A R L A R

K O N U R.

HK silfur í meistaraflokk	HK gull í 2. flokk
HK silfur í 3. flokk	HK gull í 3. flokk
HK brons í Öldungaflokki	HK silfur í Öldungaflokki
Stjarnan brons í 4. flokk	HK silfur í 4. flokk
	UBK brons í meistaraflokk
	Stjarnan brons í 3. flokk.

Í tilefni af 10 ára afmæli deildarinnar sá blakdeild HK um framkvæmd UMSK - mótsins í blaki 1984. Mótið fór fram á tímabilinu 23. apríl - 13. maí, og var keppt í þeim flokkum þar sem tvö eða fleiri félög skráðu lið til keppni. Úrslit urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla: UMSK - meistarar:

1. HK 1 4 stig
2. HK 2 2 stig
3. UBK 0 stig

2. flokkur karla: UMSK - meistarar:

1. HK 4 stig
2. Stja. 2 stig
3. UBK 0 stig

3. flokkur kvenna: UMSK - meistarar:

1. HK 1 4 stig
2. Stja. 2 stig
3. HK 2 0 stig

4. flokkur karla: UMSK - meistarar:

1. Stja. 4 stig
2. HK 0 stig

Meistaraflokslið HK keppti fyrir hönd UMSK á Landsmóti UMFÍ í Keflavík og Njarðvík s.l. summar. UMSK - liðið vann léttilega sinn riðil á mótinu og fékk HSK sem mótherja í úrslitaleiknum. Íþróttahúsið í Keflavík var troðfullt af fólk og mikil stemmning. Leikurinn var æsispennandi og ekki síst lokahrinan, þar sem UMSK náði miklu forskoti en HSK vann það upp með mikilli baráttu.

HSK - UMSK: 15-8, 9-15, 8-15, 15-7, 16-14; 3-2

Leikurinn stóð í 102 minútum og var tvímælalaus góð kynning fyrir blakíbróttina.

KNATTSPYRNA.

Mikið og öflugt starf er innan knattspyrnudeildanna á sambands-svæðinu.

Engir Íslandsmeistaratitlar unnust á árinu en á mörgum stöðum voru félögin á svæðinu í toppbaráttu.

Héraðsmótin fóru fram sem fyrr.

Innanhússmótíð fór fram í febrúar og mars og var leikið í Digranesi. Úrslit urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla	2. flokkur karla	3. flokkur karla
1. UBK	1. UBK	1. Stjarnan
2. Grótta	2. UMFA	2. UMFA
3. Augnablik	3. Stjarnan	3. ÍK
4. UMFA	4. ÍK	4. UBK
5. Stjarnan	5. Grótta	5. Grótta
4. flokkur karla	4. flokkur B	5. flokkur karla A
1. Stjarnan	1. UBK	1. UMFA
2. ÍK	2. ÍK	2. UBK
3. UMFA	3. UMFA	3. Stjarnan
4. UBK	4. Stjarnan	4. ÍK
5. Grótta	5. Grótta	5. Grótta
5. flokkur B	5. flokkur C	6. flokkur A
1. Stjarnan	1. ÍK	1. UBK
2. UBK	2. UBK	2. UMFA
3. UMFA	3. Stjarnan	3. ÍK
4. ÍK		4. Stjarnan
6. flokkur B	6. flokkur C	
1. UBK	1. ÍK	
2. ÍK	2. UBK	
3. Stjarnan	3. Stjarnan	
4. UMFA		

Utanhússmótíð fór fram í ágúst og september

Úrslit urðu sem hér segir:

2. flokkur karla	3. flokkur karla A	3. flokkur karla B
1. Stjarnan	1. Stjarnan	1. ÍK
2. UBK	2. ÍK	2. Stjarnan
3. ÍK	3. UBK	

4. flokkur A	4. flokkur B	5. flokkur A	5. flokkur B
1. Stjarnan	1. Stjarnan	1. UBK	1. UBK
2. ÍK	2. ÍK.	2. UMFA	2. ÍK
3. UBK		3. Stjarnan	3. UMFA
4. Grótta		4. ÍK	4. Stjarnan
5. flokkur C	6. flokkur A	6. flokkur B	6. flokkur C
1. UBK	1. UBK	1. Stjarnan	1. UBK
2. ÍK	2. UMFA	2. UBK	2. Stjarnan
3. Stjarnan	3. Stjarnan	3. ÍK	3. ÍK
	4. ÍK	4. UMFA	

Hvað varðar mótaðald á komandi keppnistímabili þarf að athuga hvort tímabært sé að koma á mótum fyrir fleiri flokka í kvenna knattspyrnu svo og 7. flokk hjá drengjum.

#### SIGLINGAR.

Siglingar eru stundaðar í 3 félögum innan UMSK Ýmir, Vogi og Sigurfare. Siglingamenn úr þessum klúbbum sópuðu að sér Íslandsmeistaratitlum og þá sérstaklega Ýmismenn. Var það jafnvel algengt að Ýmismenn röðuðu sér í nokkur af efstu sætunum.

Þá má geta þess að siglingamennirnir, Gunnlaugur Jónasson og Jón Pétursson sem kepptu á Olympíuleikunum í summar eru báðir í siglingaklúbbnum Ými.

Héraðsmót kjölbáta fór fram í tengslum við Landsmót UMFÍ í júlí í summar. Sigt var úr Kópavogi suður í Keflavík. Úrslit urðu þessi:

1. Mardótt (Garðabæ) 3 í áhöfn.
2. Súsanna (Kópavogi) 3 í áhöfn.
3. Hún (Kópavogi) 4 í áhöfn.
4. Mormin (Kópavogi)
5. Yrsa (Kópavogi)

Sæstjarnan (Kópavogi) og Skvetta (Vogum) voru dæmdar úr leik vegna kæru frá Mardól og Hún.

#### K A R A T E.

Karate er iðkað í alls 9 félögum á landinu og eru 3 þeirra innan UMSK. Gerpla, Stjarnan og Breiðablik. Þar er við æfingar harðsnúinn hópur íþróttafólks sem þegar hefur skipað sér í fremstu

röð karatemanna á landinu.

Árlegt Héraðsmót í Karate var haldið 17. nóvember s.l. í íþróttahúsinu Ásgarði í Garðabæ.

Úrslit urðu sem hér segir:

Kata unglings (skyldu æfingar).

1. Kristján Búason Stj.
2. Friðrik D. Pálsson Gerplu
3. Jón H. Steingrímsson Gerplu

Kata karla.

1. Stefán Alfreðsson Stjörn.
2. Grímur Pálsson Gerplu
3. Hannes Hilmarsson Stjörn.

Kata kvenna.

1. Kristín Einarsdóttir Gerplu
2. Fanney Ásgeirsdóttir Stjörn.
3. Marie Stefánsdóttir Stjörn.

Einstaklingskeppni Kumite  
(frjáls bardagi)

1. Einar K. Karlsson UBK
2. Ólafur Skúlason Stjörn.
3. Hjalti Kristjánsson Stjörn.

Úrslit í sveitakeppni.

1. Stjarnan 4 vinningar
2. Gerpla 3 1/2 vinningar
3. UBK 1 1/2 vinningur

Keppnin um UMSK bikarinn fór þannig:

1. Stjarnan 22 stig
2. Gerpla 14 "
3. UBK 6 "

---

Ath. Inn í skýrsluna um knattspyrnumótin á bls. 33 og 34 vantar úrslitin í 2.fl. kvenna.

2.flokkur kvenna A lið.

2.flokkur B lið.

1. Stjarnan
2. UBK
3. Afturelding

1. UBK
  2. Afturelding
  3. Stjarnan
-

NOKKUR LOKAORD.

Liðið starfsár hefur líklega verið eitt það annasamasta um langt árabil. Það eru þrjú stórverkefni sem mest allt starf hefur snúist í kring um. Í fyrsta lagi er það Landsmót UMFÍ í Keflavík/Njarðvík. Þangað fór fjölmennnt lið undir merkjum UMSK. Þó að mótið standi ekki nema í 3 daga er undirbúnningur undir það margra mána, og stundum ára, vinna.

Útihátiðin í Þjórsárdal var um Verslunarmannahelgina undir nafninu „ Gaukurinn '84 ". Það er eins með útihátiðir og landsmót, undirbúnningurinn tekur langan tíma og mikil þörf er á að sem flestir rétti hjálparhönd við verkefni sem þessi.

Síðasta stórverkefnið á árinu voru húsnæðismál sambandsins og er því umstangi lýst hér að framan sem og Gaukurinn og Landsmót UMFÍ.

Það segir sig sjálft að þegar svona stór verkefni koma öll á sama árið þá hlýtur að vera gefið eftir á einhverju örðu sviði. Óhemju mikill tími hefur farið í þessi mál bæði hjá stjórnarmönnum og starfsmönnum á hverjum tíma.

Öll hafa þessi verkefni þó gefið sambandinu þó nokkuð í aðra hönd. Gaukurinn skilaði miklum fjárhagslegum hagnaði þannig að fjármálaáhyggjur voru með minna móti en oft áður. Landsmótið sýndi mönnum fram á hvar sambandið stendur íþróttalega séð í samanburði við önnur ung-mennasambönd á landinu. Nú síðast og ekki síst er UMSK loksns komið í viðunandi húsnæði og vonandi stutt í það að biða að sambandið geti boðið aðildarfélögum sínum upp á myndarlega þjónustu.

A komandi starfsári er enginn „ Gaukur ", þannig að þörf er á nýrri fjároflun í staðinn. Næsta landsmót er ekki fyrr en 1987, en þörf er að huga að nokkrum atriðum fyrir það móti sem fyrst t.d. með stuðningi við þær íþróttagreinar sem eiga undir högg að sækja í augnablikinu

Síðast en ekki síst er það innri uppbygging sambandsins sem þarf endurskoðunar við. Efla þarf hinn félagslega þátt starfseminnar og vinna að því að héraðsmót verði haldin í sem flestum íþróttagreinum. Þessi mál eru þó alls ekkert einkamál þeirra manna eða kvenna sem kjörin eru á hverju ári í stjórn sambandsins, heldur allra þeirra félaga sem aðild eiga að sambandinu.



Tjaldbúðir UMSK á Landsmótinu í Keflavík og Njarðvík 1984.



Hún kom sá og sigrði.  
Svanhildur Kristjónsdóttir, sigurvegari í 4 greinum á Landsmótinu.

LÖG UMSK

1. gr.

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarneþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður og Garðabær.

2. gr.

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr.

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til stjórnar þess ásamt lögum félagsins og skrá yfir stofnfélaga. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt að veita félagini inngöngu.

4. gr.

Sambandið skal árlega halda héraðshing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögnum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðshing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara. Stjórn sambandsins getur kvatt til aukaþings, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Héraðshing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðshingi að úrskurða þær.

Héraðshing ákyeður skatt félaganna til sambandsins. Arsskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. febrúar ár hvert.

6. gr.

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og vara á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðshingi, einn fyrir hverja 5 tugi eða brot úr tug, gjaldskyldra félagsmannna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsbing. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðshing er lögmætt, ef 2/3 kjörnir fulltrúar eru mættir á héraðshinginu.

7. gr.

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sér en aðrir stjórnarmenn í einu lagi, þá skal kjósa þrjá menn í varastjórn og enn fremur two endurskoðendur og two til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda minnst ársfjórðungslega fundi með formönnum aðildarfélaga UMSK.

8. gr.

Stjórnin stýrir málafnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðshingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

9. gr.

Innan sambandsins starfar héraðsdómtóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til tveggja ára. Árlega gengur einn maður úr dómnum og kýs ársþingið einn í hans stað. Í fyrsta sinn verði heir allir kosnir í einu, aðal- og varamenn en jafnan gæta að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa bekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

10. gr.

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganeftnar sem skal vera ein af fastaneftnum þingsins. Tillögur til lagabreytingar skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing.

11. gr.

Héraðshing getur breytt lögum bessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðshingi.

12. gr.

Með gildistöku laga þessara eru úr gildi fallin eldri lög sambandsins.

REKSTRARREIKNINGUR fyrir árið 1984.

Rekstrartekjur:

Framlög og styrkir:

Framlög sveitarfélaga	197.118,00
Framlög sýslusjóðs	100.000,00
Útbreiðslustyrkur	<u>100.498,00</u>

Samtals:	397.616,00
----------	------------

Eigin fjáraflanir:

Gaukurinn	872.166,27
Getraunir	105.812,60
UMSK blað	85.864,00
Leigutekjur af Mjölnisholti 14	13.444,00
Ýmsar tekjur	<u>60.210,44</u>

Samtals:	1.137.497,31
----------	--------------

Aðrar tekjur:

Skattur aðildar félaga	45.420,00
Vaxtatekjur	<u>6.453,18</u>

Samtals:	51.873,18
----------	-----------

Tekjur alls:	<u>1.586.986,49</u>
--------------	---------------------

Rekstrargjöld:

Laun og útlagður kostnaður	405.592,85
Rekstur skrifstofu	169.657,42
Risna, gjafir, viðurkenningar	70.688,50
Sérráð	71.889,00
Rekstur sumarhúss og tjalds	5.107,90
Skattur til UMFÍ og ísí	14.875,00
Landsmót UMFÍ 1984	<u>338.145,75</u>

Gjöld alls:	1.075.956,42
-------------	--------------

Hagnaður af rekstri 1984	<u>511.030,07</u>
	1.586.986,49

EFNAHAGSREIKNINGUR pr. 31. 12: 1984

Fjármunir.

Veltufjármunir:

Bankainnisteður	152.320,79
Viðskiptakröfur	
Aðildarfélög	29.537,00
Aðrir	106.028,27
Veltufjármunir alls:	287.886,06

Fastafjármunir:

Sumarhús	30.000,00
Tjald	6.000,00
Skrifstofuáhöld	6.300,00
Fáni	10.000,00
Mannvirki í Þjórsárdal	230.000,00
Innréttigar í Mjölnisholti	309.882,92
Fastafjármunir alls:	592.182,92
Fjármunir alls:	880.068,98

Fjármagn.

Skammtíma skuldir	159.403,15
Eigið fé:	
Höfuðstóll 1.1.	209.635,76
Hagnaður ársins	511.030,07
Eigið fé samtalls:	720.665,83
Fjármagn alls:	880.068,98

Hef yfirfarið framanskráðan rekstrarreikning og  
efnahagsreikning og tel þá vera rétta.

Ingólfur Ólafsson